

45. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 10. maí og hófst hann kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Egill Sigurðsson og Elín Grétarsdóttir. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Dagskrá

1. Landsvirkjun, rekstur á Þjórsársvæði
2. Ársreikningur Ásahrepps 2016, síðari umræða
3. Fundargerðir
4. Erindi til hreppsnefndar
5. 17. júní
6. Umhverfisdagur
7. Sumarlokun skrifstofu Ásahrepps
8. Næsti fundur hreppsnefndar

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og leitaði afbrigða að bæta við undirliðnum g) Fundur fjallskiladeildar Holtamannaafreittar haldinn 9. maí sl., lið i) 25. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu haldinn 9. maí sl. og j) 7. fundur Héraðsnefndar Rangæinga, haldinn 8. maí sl. við lið 3. Fundargerðir. Samþykkt.

Gengið til dagskrár:

1. Landsvirkjun, rekstur á Þjórsársvæði

Undir þessum lið mættu Olivera Illic sérfræðingur og Georg Þór Pálsson stöðvarstjóri. Kynntu þau rekstur Þjórsársvæðis, þróun miðlunarforða og rennsli í Þjórsá, framkvæmdir á vegum orkusviðs, endurbætur í rekstri, skógræktarverkefni og fl. Fari var yfir nærsamfélagið, samskipti og samstarf. Olivera og Georg viku af fundi kl. 10:00.

2. Ársreikningur Ásahrepps 2016, síðari umræða

Ársreikningur 2016 fyrir Ásahrepp lagður fyrir seinni umræðu. Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 253,6 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 250,9 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvarsvar 12,44% en lögbundið hámark er 14,52%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,230% í A-flokki, 1,320% í B-flokki og 1,650% í C-flokki. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var jákvæðum 7,2 millj. kr. en í A hluta var rekstrarniðurstaðan jákvæðum 5,3 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2016 nam 365,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 367,0 millj. kr.

Hreppsnefnd staðfestir ársreikninginn með undirritun sinni.

3. Fundargerðir

a) 132. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 19. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

b) 43. fundur stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs., haldinn 19. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

c) 43. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs., haldinn 19. apríl sl. liður II þarfnast umfjöllunar.

Liður II önnur mál
1. Reglur félagsþjónustu Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu um greiðslu lögmanskostnaðar í barnaverndarmálum.

Bókun nefndar: farið yfir reglur um greiðslur fyrir lögmanskostnað í barnaverndarmálum og reglur samþykktar.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við bókun nefndarinnar.

d) 187. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., haldinn 28. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

e) 48. fundur Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. haldinn 16. mars sl.

Lagt fram til kynningar.

f) 14. fundur Odda bs. haldinn 11. apríl sl. liður 2 þarfnast umfjöllunar.
Liður 2. 1703050 - Ársreikningur Odda bs 2016

Samkvæmt upplýsingum þá var kostnaði vegna samnings Rangárþings ytra við HSU deilt á skólana. Skilningur hreppsnefndar er að samningurinn tilheyrir Rangárþingi ytra enda var samningurinn lagður fram til kynningar á 1. fundi Odda bs. en ekki til samþykktar. Jafnframt leggur hreppsnefnd til að greindur verði kostnaður skólalagheimilisins umfram það sem er opið á skólatíma í báðum skólunum.

Samþykkt að vísa erindunum til stjórnar Odda bs.

g) Fundur fjallskiladeildar Holtamannafréttar haldinn 9. maí

Bókun fjallskiladeildar: Erindi frá hreppsnefnd. Beiðni um umsagnir v/sölu á Þóristungum frá þrem aðilum. Fjallskilanefnd mælir með því að gangnamannahúsin á Þóristungum verði ekki seld. Í stað þess verði skoðað að gera leigusamning við hæstbjóðanda. Hann verði til ákveðins tíma og ákvæði um að fjallmönnum verði tryggð endurgjaldslaus afnot af húsunum vegna starfa á afrétti.

Karl Ölvisson telur að auglýsa þurfi húsið aftur til leigu.

Lagt fram til kynningar.

h) 15. fundur stjórnar Húsakynna bs. haldinn 30. mars sl., liður 1 og 2.1 þarfnast umfjöllunar
Liður 1. 1703054 - Ársreikningur 2016 - Húsakynni bs.

Hreppsnefnd gerir athugasemd við að í sjóðstreymisyfirliti í ársreikningnum undir

„Fjárfestingarhreyfingar“ er liður „Fjárfesting í landi“ (10.000.000) sem áætlun á árinu 2016.

Samkvæmt 6. gr. samþykktar Húsakynna bs. þurfa fjárhagsáætlanir og viðaukar við þær að hljóta samþykki beggja sveitarfélaganna til að taka gildi. Viðaukanum um kaup á landi var hafnað af hreppsnefnd Ásahrepps og telur því hreppsnefnd að þessi áætlaða fjárfesting eigi ekki heima í áætlun sem birt er í ársreikningi Húsakynna þótt ekki hafi orðið af henni.

Samþykkt.

Liður 2. 2. 1601012 - Eignir í umsjá Húsakynna bs.
Á 44. fundi hreppsnefndar var eftirfarandi bókun gerð:
2.1 Sala á húsum í Þóristungum

Lagt fram yfirlit frá Fannberg fasteignasölu varðandi tilboð í húseignir í Þóristungum. Hæsta tilboð í húsin var 13.000.000.- kr og leggur stjórn Húsakynna til við sveitarstjórnir Rangárþings ytra og Ásahrepps að taka tilboði hæstbjóðanda. Skilyrt verði í kaupsamningi og þinglýst sú kvöð að fjallmenn hafi skilyrðislausan gjaldfrjálsan aðgang að húsunum í leitum hvert ár.

Samþykkt með 2 atkv. (IPG, YKJ), einn var á móti (KÖ).

Afgreiðslu frestað. Hreppsnefnd vísar liðunum til umsagnar í fjallskiladeild Holtamannafréttar og Veiðifélags Holtamannafréttar.

Umsögn hefur borist frá fjallskiladeild Holtamannafréttar sjá lið g) hér að ofan.

Hreppsnefnd hafnar sölu á Þóristungum og leggur til að kannað verði hvort grundvöllur sé fyrir því að tekinn verði upp leigusamningur sem samþykktur var á 10. fundi Húsakynna bs. 31.05.2016.

Umræddur leigusamningur var við sama fyrirtæki og bauð hæðst í Þóristungum.

Samþykkt.

- i) **25. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu haldinn þriðjudaginn 9. maí sl. liður 3 og 4 þarfnast umfjöllunar.**

Liður 3. Starfsmannamál félagsþjónustu.

Tillaga félagsmálastjóra um ráðningu starfsmanns tímabundið í félagslega heimaþjónustu samþykkt. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við bókun stjórnar.

Liður 4. Starfsmannamál skólaþjónustu.

Liður 4. Stjórnin samþykkir fyrir sitt leyti 60% stöðugildisaukningu við Skólaþjónustudeild á grundvelli rökstuðnings Eddu Antonsdóttur. Stjórnin telur ekki þörf á að samþykkja viðauka við fjárhagsáætlun 2017 að svo komnu máli, þar sem ekki hefur tekist að ráða í stöðu talmeinafræðings og því skapast fjárhagslegt svigrúm.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við bókun stjórnar.

- j) **7. fundur Héraðsnefndar Rangæinga, haldinn 8. maí sl. liður 3. þarfnast umfjöllunar.**

Liður 3. Málefni Stórólfsvallar.

3.1 Borist hefur kautilboð í 212 ha lands úr landi jarðarinnar Stórólfsvallar. Tilboðsfjárhæðin hljóðar upp á kr. 76.000.000,- Tilboðið var samþykkt með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna Ásahrepps, Rangárþings eystra og Rangárþings ytra.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi kautilboð fyrir sitt leyti.

4. Erindi til hreppsnefndar

- a) **Beiðni um styrk frá Rangárhöllinni vegna Stórsýningar Sunnlenskra hestamanna.**

Samþykkt að veita styrk fyrir krónur 20.000, bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

- b) **Beiðni frá nemendum 10. bekkjar úr Grunnskólanum á Hellu um auglýsingu í skólablaðinu.**

Samþykkt að kaupa heilsíðu á 12.000 kr. styrkurinn bókast á lið 04.

5. 17. júní

Samþykkt að 17. júní hátíð Ásahrepps verði haldin eins og síðustu ár í Ásabrekkuskógi. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

6. Umhverfisdagur

Tillaga um að haldinn verði umhverfisdagur í byrjun júní og týnt rusl með vegum í hreppnum.

Samþykkt og sveitarstjóra falið að vinna að framkvæmdinni í samstarfi við formann

Umhverfisnefndar. Áætlaður kostnaður er 300.000 kr. bókast á lið 11 umhverfismál.

7. Sumarlokun skrifstofu Ásahrepps

Samþykkt að skrifstofan verði lokuð í júlí.

8. Næsti fundur hreppsnefndar

Næsti fundur hreppsnefndar verður miðvikudaginn 14. júní nk. kl. 09:00 á skrifstofu Ásahrepps.

Til kynningar:

- A. Drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns til umsagnar.
- B. Jafnréttisstofa Einn blár strengur haldin 20. maí nk.
- C. 255. fundargerð Sorpstöðvar Suðurlands.
- D. Frá nefndasviði Alþingis - 190. mál til umsagnar.
- E. Ársfundur Umhverfisstofnunar 12. maí - Boðskort og skráning.
- F. Til umsagnar 439. mál frá nefndasviði Alþingis.
- G. Frá nefndasviði Alþingis - 438. mál til umsagnar.
- H. Landsnet, matslýsing vegna kerfisáætlunar 2017-2026.
- I. BUGL: fræðsla um sjálfsskaða- og sjálfsvígshættumat.
- J. Tillögur að smávirkjunum minni en 10 MW.
- K. Ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga.
- L. Félagsvísindastofnun, kynningarfund 11. maí nk.
- M. Til umsagnar 375. mál frá nefndasviði Alþingis.

Hreppsnefnd

- N. Íbúðalánasjóður, úthlutun stofnframlaga 2017 - fyrri hluti úthlutunar.
- O. Frá nefndasviði Alþingis - 435. mál til umsagnar.
- P. Frá nefndasviði Alþingis - 435. mál til umsagnar.
- Q. Frá nefndasviði Alþingis - 436. mál til umsagnar.
- R. Frá nefndasviði Alþingis - 434. mál til umsagnar.
- S. Umsögn um fjármálaáætlun, 402. mál.
- T. Morgunverðafundur, Sambandið „Hvernig líður börnum í íþróttum?“
- U. Bókun skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni.
- V. Staða Landsáætlunar / aðrir styrkir / þakkir fyrir samstarf.
- W. Ársfundur Landsvirkjunar 2017 - þarf framtíðin orku?
- X. Fréttabréf Markaðsstofu Suðurlands apríl 2017
- Y. Ársfundur Byggðastofnunar.
- Z. Málþing um innleiðingu Sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks.
- AA. Sameinuð árs- og umhverfisskýrsla Landsvirkjunar 2016.
- BB. 518. fundur stjórnar SASS.
- CC. Frá nefndasviði Alþingis - 333. mál til umsagnar.
- DD. Ályktun ráðstefnunnar Ungt fólk og lýðræði 2017.
- EE. Frá nefndasviði Alþingis - 87. mál til umsagnar.
- FF. Algild hönnun utandyra frá ÖBÍ.
- GG. Ársskýrsla 2016, Póst- og fjarskiptastofnun.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:50

Elín Grétarsdóttir (sign)

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

Karl Ölvisson (sign)

Egill Sigurðsson (sign)

Nanna Jónsdóttir (sign)